

# **IKEA eldhúshnífar**

Upplýsingar um ábyrgðir

**15**



Daglegt heimilislíf gerir miklar kröfur til eldhúshnífa. IKEA eldhúshnífarnir eru ætlaðir til daglegra nota. Þeir standast allar kröfur um gæði og ættu að vera það fyrsta sem þú velur í eldhúsið þitt. Við ábyrgjumst að IKEA eldhúshnífar haldi virkni sinni í 15 ár. Með öðrum orðum að þeir haldi virkni sinni til lengri tíma að því tilskildu að leiðbeiningum um umhirðu og þrif sé fylgt og þeir séu aðeins notaðir til hefðbundinna heimilisverka (notaðir fyrir mat, þrifnir daglega og brýndir reglulega). Ábyrgðin gildir um virkni, efni og handverk samkvæmt ábyrgðarskilmálum sem koma fram í þessum bæklingi.

**15**

IKEA eldhúshnífar eru með 15 ára ábyrgð.

### **Hversu lengi gildir ábyrgðin?**

Ábyrgðin á IKEA eldhúshnífum gildir í 15 ár frá þeim degi sem varan er keypt í IKEA. Upphafleg kvittun þarf að fylgja með sem staðfesting á kaupnum (athugaðu – ábyrgðin gildir aðeins fyrir vörur keyptar frá og með 1. september 2024). Ábyrgðin gildir eingöngu fyrir þann aðila sem upprunalega kaupir vöruna. Hún færir ekki á milli eigenda.

### **Hvað fellur undir þessa ábyrgð?**

Ábyrgðin nær yfir virkni, efni og handverk flestra IKEA eldhúshnífa. Það þýðir að við venjulega heimilisnotkun, að því gefnu að leiðbeiningum okkar um umhirðu sé fylgt, mun hnífurinn halda virkni sinni í minnst 15 ár. Venjuleg notkun er skilgreind sem notkun (við að skera matvöru), þrif einu sinni á dag og regluleg skerping.

### **Ábyrgðin nær yfir:**

- Bit hnífsins. Hnífurinn á að vera beittur þegar þú kaupir hann og með réttari umhirðu átt þú að geta haldið honum nógu beittum fyrir daglega notkun. Hnífsblaðið er úr hertu stáli og innan ábyrgðartímabilsins á að vera hægt að viðhalda bitinu þrátt fyrir daglega notkun.
- Endingargott handfang, þar með talið viðarhandfang. Handfang hnífsins á ekki að springa, brotna eða losna frá blaðinu þannig að hnífurinn sé ekki lengur nothæfur.

- Hnífsblaðið á ekki að verða fyrir tæringu.

### **Hvaða vörur falla ekki undir þessa ábyrgð?**

Hnífar sem bera heitin FÖRDUBBLA, HACKIG, UPPFYLLD, SKALAD og SMÅBIT, hnífar úr hnífaparasettum, steikarhnífar og hnífabrýni falla ekki undir þessa ábyrgð.

### **Hvað gerir IKEA til að leysa vandann?**

IKEA skoðar vöruna og tekur ákvörðun um hvort ábyrgðin gildi í hverju tilfalli fyrir sig. IKEA áskilur sér rétt til að úrskurða um það eins fljótt og auðið er eftir að vörunni er skilað. Ef ábyrgðin er í gildi skiptir IKEA hnífnum út fyrir sömu vöru eða sambærilega.

Ef varan er ekki lengur seld hjá IKEA verður viðskiptavini útveguð sambærileg vara. IKEA áskilur sér rétt til að ákveða hverju sinni hvað er sambærileg vara.

### **Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?**

Þessi ábyrgð nær ekki til annarrar notkunar en til heimilisnota. Þessi ábyrgð nær ekki til útlitsbreytinga á hnífnum nema þær hafi veruleg áhrif á virkni. Ábyrgðin gildir ekki um vörur sem hafa verið geymdar á rangan hátt, notaðar á óviðeigandi hátt, hlotið slæma meðhöndlun, verið breytt eða hreinsaðar með röngum efnum eða aðferðum. Ábyrgðin nær ekki yfir venjulega notkun, rispur eða skemmdir vegna óhappa eða högga. Ábyrgðin gildir ekki ef varan hefur verið notuð utandyra eða þar sem er raki. Ábyrgðin nær ekki yfir skaða vegna tilfallandi eða afleidds tjóns.

## **Umhirðuleiðbeiningar**

### **Fyrir fyrstu notkun**

- Þvoðu, skolaðu og þurrkaðu hnífinn áður en hann er notaður í fyrsta skiptið.

### **Þrif**

- Hnífa ætti helst að þvo í höndunum. Það er ólíklegt að hnífur verði ónothæfur ef hann er þveginn í uppþvottavél, en egginn getur skemmst og blaðið tærst.
- Þvoðu og þurrkaðu hnífinn strax eftir notkun. Það kemur í veg fyrir hættu á að bakteríur breiðist út frá til dæmis hráum kjúklingi til fersks grænmetis.
- Til að koma í veg fyrir ljót för á hnífsblaðinu skaltu þurrka hnífinn um leið og hann hefur verið þveginn.

## Að brýna og skerpa

- Það er öruggara að nota beittan hníf en bitlausan og því skalt þú brýna hann reglulega. IKEA eldhúshnífar eru með blöðum úr ryðfríu stáli sem auðvelt er að brýna. Ráðlagt er að brýna hnífsblaðið einu sinni í viku fyrir venjulega heimilisnotkun.
- Mundu að brýnið þarf að vera úr harðara efni en stálið í hnífsblaðinu. Þess vegna þarf þú að nota hnífabryni úr keramíki, demanti eða hverfisteini. Notaðu aldrei brýni úr ryðfríu stáli.
- Ef hnífur er orðinn mjög bitlaus vegna mikillar notkunar eða of lítillar umhirðu getur verið að þú þurfir að láta fagaðila sjá um skerpinguna.

## Að geyma og nota hnífinn

- Forðastu að skera frosnar eða mjög harðar matvörur (til dæmis bein) því það getur valdið því að egginn bogni eða það brotni upp úr blaðinu. Ef skorið er í gegnum harðar matvörur: Dragðu hnífinn fram og aftur í gegnum matvælin. Ekki rugga hnífnum til hliðanna.
- Notaðu alltaf skurðarbretti úr við eða plasti. Skerðu aldrei á gleri, málm eða keramíki.
- Geymdu hnífana þína í hnífastandi eða á segulrekka á vegg. Ef hnífarnir eru geymdir á réttan hátt kemur það í veg fyrir að egginn verði fyrir hnjaski og lengir endingartíma hnífsins.

## Umhirða viðarhandfangs

- Fyrir hnífa sem eru með handfang úr við. Besta leiðin til að verja viðinn og auka náttúrulegt viðnám hans gegn raka er að meðhöndla hann með olíu sem er samþykkt fyrir matvæli, til dæmis grænmetisolíu. Berðu á handfangið, þurrkaðu upp umframolíu og berðu svo aftur á eftir sólarhring. Endurtaktu ferlið eftir þörfum.
- Ekki láta viðarhandfangið vera í snertingu við vatn, liggja í bleyti eða vera í raka í langan tíma.

## Almenn réttindi

Ábyrgðin veitir þér tiltekin réttindi. Hún hefur á engan hátt áhrif á lagalegan rétt þinn.

## Hafðu samband

Ef þú þarft frekari upplýsingar getur þú haft samband við IKEA í síma 520 2500 eða á [IKEA.is](https://www.ikea.is).

## Geymdu kvittunina

Hún er staðfesting á kaupunum og hennar er krafist til að ábyrgðin gildi. Ef eitthvað kemur upp á eða ef varan stenst ekki kröfur þínar, vinsamlega hafðu þá samband við IKEA á [IKEA.is](https://www.ikea.is) eða hringdu í 520 2500.

